

MOSFELLINGUR

VEFÚTGÁFA

www.mosfellingur.is



8. TBL. 20. ÁRG. FIMMTUDAGUR 24. JÚNÍ 2021 • DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS



MINIGOLFVÖLLUR Í ÆVINTÝRAGARÐINUM
VERÐUR DÝRÁSTA FRAMKVÆMDIN

Yfir 20% Mosfellinga kusu í Okkar Mosó • Níu hugmyndir verða framkvæmdar

MET SLEGIÐ Í ÍBÚAKOSNINGU

Enn eitt þátttökumetið var slegið af íbúum Mosfellsbæjar í íbúakosningum sem stóðu yfir frá 31. maí til 6. júní en 20,5% Mosfellinga 15 ára og eldri tóku þátt og er þar um Íslandsmet að ræða.

Baðaðstaða verður byggð við Hafvatn, jólagarður á Hlégarðstúni, grillskýli rís við Stekkjarflöt og Minigolfvöllur verður settur upp í Ævintýragarðinum samkvæmt niðurstöðum íbúakosningar um verkefni í Okkar Mosó 2021.

Íbúar völdu jafnframt að settir yrðu upp körfuboltavellir við bæði Varmárskóla og Lágafellsskóla auk þess að velja merkingu hlaupa- og gönguleiða, fjallstoppa og fjallahjólástíga sem er í góðu samræmi við áherslur íbúa í Heilsuefandi samfélagi með nálægð við fell og dali.



KÖRFUKNATTLEIKSVELLIR
MEÐ MOTTUUNDIRLAGI

EIGN VIKUNNAR

www.fastmos.is



Tröllateigur - Góð staðsetning

Falleg og rúmgóð 122,8 m², 4ra herbergja íbúð á 2. hæð með sérinnangi af svölum í fjórþýlishúsi. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, geymslu, baðherbergi, þvottahús, hol, eldhús, stofu og borðstofu. Íbúðinni fylgir köld útigeymsla á lóð. Gott skipulag. Mikil lofthæð er í íbúðinni sem gerir hana bjarta og skemmtilega. Góð staðsetning miðsvæðis í Mosfellsbæ.

V. 60,9 m.



Fasteignasala
Mosfellsbæjar



FYLGSTU
MEÐ OKKUR
á Facebook

Kjarna • Pverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Svanþór Einarsson • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is

Alla leið
á öruggari
dekkjum

Pantaðu tíma á n1.is

N1 Langatanga 1a
Mosfellsbæ



N1 ALLA LEIÐ

Mosfellingurinn Áslaug Kírstín Ásgeirsdóttir kennari og lesblinduráðgjafi

Lesblinda er ekki
auðvelt viðfansefni »20



Háholtt 13-15
Háaleitisbraut 58-60

Hindberjatart með nougat
og möndlumassa í Mosfellsbakaríi

RÉTTINGAVERKSTÆÐI

Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is
WWW.JONB.IS



CAB
CABAS



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR

Útgefandi: Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Hilmar Gunnarsson, hilmar@mosfellingur.is

Ritstjórn:

Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, annaolof@mosfellingur.is

Ragnar Þór Ólason, raggiola@mosfellingur.is

Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is

Prentun: Landsprent. **Upplag:** 5.000 eintök. **Dreifing:** Afturelding.

Umbrot og hönnun: Mosfellingur ehf.

Prófkörk: Hjördís Kvaran Einarsdóttir ISSN 2547-8265

Tekið er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.

Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.

Næsti Mosfellingur kemur út 24. ágúst

Sumarið er tíminn

...þegar allir fara í frí.

Eftir langan og erfiðan vetur erum við loks að komast úr kófinu. Við höfum lært margt af þessum heimsfaraldri.



Mosfellingur fer nú í frí fram að bæjarhátíðinni í túninu heima sem hlýtur að fara fram í ár, helgina 27.-29. ágúst.

Við setjum okkur allavega í stellingar og hvetjum aðra til að gera slíkt hið sama. Það skemmtilega við hátíðina er þátttaka íbúa, félagasamtaka og fyrirtækja í bæjarfélaginu. Hægt verður að koma viðburðum og uppátækjum á dagskrá með því að senda póst á ituninuheima@mos.is fram til 17. ágúst.

Niðurstaða er komin í Okkar Mosó 2021. Íbúakosning fór fram í byrjun júní og nú hefur pöpullinn talað. Níu hugmyndir voru kosnar til framkvæmda og kosta þær 35 milljónir. Það verður skemmtilegt að sjá hugmyndirnar framkvæmdar.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellingur



ÍSFLUGL

www.isflugl.is



Í PÁ GÖMLU GÓÐU...

17. júní 1974 við Varmárlaug

Sá viðburður að halda upp á Þjóðhátíðardaginn 17. júní í Mosfellssveit hófst árið 1964. Myndina, sem fylgir tók Þyri Huld Sigurðardóttir, kennari árið 1974 af hluta þjóðhátíðargesta við Varmárlaug. Börn og fullorðnir spariklædd eins og tilheyrði í þá daga. Ekki tókst að nafngreina alla en vinsamlegast hafið samband ef þið þekkið fleiri. Gaman væri t.d. að fá nöfn á börnin fremst á myndinni. **Efst til vinstri:** Úlfar Norðdahl, Grímur Sigurðsson, Lára Bjarnadóttir (Lóló), Baldvin Björgvinsson -framar fyrir miðju: María Hákonardóttir, Hólmfríður Guðvarðardóttir, Sigvarður Halldórsson, Jens Sigvarðsson (barn), Guðríður Elíasdóttir, efst og lengst til hægri sér í Óskar Sigurbergsson í Garði og framar er Steinunn Thorarensen.

Mynd: Þyri Huld Sigurðardóttir, birt með leyfi. Aðstoð við að nafngreina: María Hákonardóttir og Steinunn Elíasdóttir.



ÞJÓÐHÁTÍÐARGESTIR VIÐ VARMÁRLAUG

Umsjón: Birgir D. Sveinsson (birgird@simnet.is)

HÉÐAN OG ÞAÐAN



Getur þú fundið **Benjamín** falinn í blaðinu?

Hringdu

skólanet Hringdu

hraðasta internetið

ótakmarkað gagnamagn

langbesta verðið

fyrir námsmenn

7.600 kr. á mánuði

Fasteignasala Mosfellsbæjar



Svanþór
Einarsson
Lögg. fasteignasali



Egilína S.
Guðgeirsdóttir



Þórhildur M.
Sandholt
Lögg. fasteignasali



Sigurður
Gunnarsson
Lögg. fasteignasali



Theodór Emil
Karlsson

FELLSÁS - GLÆSILEGT ÚTSÝNI



Falleg 134,5 m², 3ja herbergja íbúð með innbyggðum bílskúr. Eignin er í fjórbylishúsi með glæsilegu útsýni sem stendur innst í botnlanga. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, gluggalaust herbergi/geymslu, forstofu, hol, baðherbergi, þvottahús, stofu, eldhús, og bílskúr. Mikil lofthæð og vítt til veggja. Sérlega glæsilegt útsýni. Stórar svalir. **V. 63,5 m.**

EYJABAKKI - SUMARBÚSTAÐALÓÐIR



Sumarbústaðalóðir við Eyjabakka í Kjós. Lóðirnar standa við ána Sandá rétt við Meðalfellsvatn. Akstur frá höfuðborgarsvæðinu er 30-40 mín. Stutt er í þjónustu og fallegar gönguleiðir. Á svæðinu er verslun og veitingahús. Á hverri lóð er heimilt að byggja eitt frístundarhús og eitt aukahús. Hámarks byggingarmagn á lóð er 100 m², þ.e. frístundahús og aukahús, aukahús skal þó ekki vera meira en 50 m². **V. 6,3 m.**

FELLSÁS - NEÐRI HÆÐ



Falleg 134,0 m² íbúð á neðri hæð með glæsilegu útsýni sem í dag er skipt upp í tvær íbúðir. Eignin er í fjórbylishúsi með glæsilegu útsýni sem stendur innst í botnlanga. Stór skjólgóð hellulögð verönd í suðvesturátt. Gengið er niður stiga meðfram húsinu til að komast í eignina. **V. 52,9 m.**

BJARKARHOLT - BJÖRT OG FALLEG ÍBÚÐ



Mjög falleg og björt 108,6 m², 4ra herbergja endaíbúð ásamt bílastæði í bílageymslu á 3. hæð í lyftuhúsi. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Sérgeymsla í kjallara. Tvennar svalir. Eignin er einstaklega björt og skemmtileg með glugga á þrjá vegu. Frábær staðsetning í miðbæ Mosfellsbæjar þar sem stutt er í alla helstu þjónustu. **V. 62,9 m.**



STÓRITEIGUR

Mjög fallegt 211,7 m² einbylishús á einni hæð, þar af er bílskúr 40,6 m², á frábærum stað innarlega í rólegri og fjölskylduvænni götu í Mosfellsbæ. Fallegar innréttingar og gólfefni. Granít í borðplötum og gluggakistum. Stór timburverönd í suðurátt með heitum potti. Mikið endurnýjað árið 2006. **V. 120 m.**



HELGAÐALSVEGUR

9.277 m² eignarlóð. Skv. samþykktu deiliskipulagi er heimilt að byggja eitt íbúðarhús á lóðinni. Auk þess er gert ráð fyrir bílskúr og einu gestahúsi innan byggingarreits. Einbylishús skulu vera á einni hæð eða ein hæð og ris. Gatnagerðargjöld eru ógreidd af lóðinni. **V. 32,0 m.**

VIÐ VILJUM VINNA FYRIR ÞIG!

Ertu í söluhugleiðingum eða að velta fyrir þér að kaupa fasteign?

Endilega hafðu samband í síma: 586-8080



Í túninu heima á dagskrá 27.-29. ágúst

Stefnt er að því að halda bæjarhátíðina *Í túninu heima* með glæsibrag í lok ágúst. Aflýsa þurfti hátíðinni í fyrra vegna heimsfaraldursins og samkomutakmarkana sem þá voru í gildi. Allt lítur út fyrir að hátíðin verði haldin í ár, helgina 27.-29. ágúst. Hátíðin er sannkölluð fjölskylduhátíð þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í fjölbreyttri dagskrá. Íbúar, félagsamtök og fyrirtæki í Mosfellsbæ eru hvött til að taka virkan þátt í hátíðarhöldunum. Ef þið lúmið á hugmyndum eða viljið vera með viðburði, þá endilega sendið póst á ituninuheima@mos.is.




Heilsugæslan biðlar til góðgerðarfélaga

Heilsugæslan í Mosfellsbæ vill koma á framfæri beiðni til góðgerðarfélaga í Mosfellsbæ um að taka sig saman og gefa nýtt ómskoðunartæki á nýju Heilsugæslustöðina í Mosfellsbæ. Ómskoðunartækið sem til er á stöðinni er um eða yfir 20 ára gamalt og hefur verið notað mikið í gegnum tíðina en er orðið barn síns tíma og farið að gefa sig. Það var gefið af Bjarna bónda á Bakka, Kjalarnesi. Nýtt tæki myndi bæta þjónustuna á stöðinni ásamt því að kvensjúkdóma- og fæðingarlæknar, sem koma á stöðina einu sinni eða tvisvar í mánuði, gætu notað tækið í stað þess að senda konur annað í ómskoðun. Læknar gætu einnig nýtt tækið til sjúkdómsgreininga. Nýtt ómskoðunartæki kostar kringum fimm milljónir. Beiðninni er hér með komið á framfæri og ef um er að ræða gjöf frá góðgerðarfélagi gæti verið að einhver gjöld á tækið yrðu felld niður.

MOSFELLINGUR
KEMUR NÆST ÚT
24. ÁGÚST

mosfellingur@mosfellingur.is



Íslandsmet í þátttöku í íbúakosningu sett í Okkar Mosó

Yfir 20% Mosfellinga kusu í Okkar Mosó

Enn eitt þátttökumetið var slegið af íbúum Mosfellsbæjar í íbúakosningum sem stóðu yfir frá 31. maí til 6. júní en 20,5% Mosfellinga 15 ára og eldri tóku þátt og er þar um Íslandsmet að ræða.

Þrátt fyrir mikla íbúafjölgun síðustu fjögur ár hefur kosningaþátttökan aukist hlutfallslega í hvert skipti í íbúakosningunni en verkefninu var fyrst hleypt af stokkunum 2017. Um er að ræða mestu þátttöku í samþærilegum kosningum á Íslandi og samkvæmt þjónustuaðila kosningakerfisins er líklega um heimsmet að ræða í kosningum sem þessum.

- 20,5% íbúa á kjörskrá tóku þátt í íbúakosningunni.
- Þátttökan er í senn Íslandsmet og væntanlega heimsmet.
- Kjörsókn 2019 var 19,1% sem þá var jafnframt metþátttöka.

Körfuboltavellir við tvo skóla

Baðaðstaða verður byggð við Hafrvatn, jólagarður á Hlégarðstúni, grillskýli rís við Stekkjarflöt og minigolfvöllur verður settur upp í Ævintýragarðinum samkvæmt niðurstöðum íbúakosningarinnar.

Íbúar völdu jafnframt að settir yrðu upp körfuboltavellir við bæði Varmárskóla og Lágafellsskóla auk merkingar hlaupa- og

gönguleiða, fjallstoppa og fjallahjólastíga sem er í góðu samræmi við áherslur í Heilsueflandi samfélagi með nálægð við fell og dali.

Höfum skoðun á samfélaginu

„Ég vil þakka íbúum Mosfellsbæjar fyrir frábæra þátttöku og góðan stuðning við það mikilvæga lýðræðisverkefni sem Okkar Mosó er,“ segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri. „Þátttöka íbúa leiðir að mínu mati vel fram hvað við Mosfellingar búum yfir miklum félagsauði og staðfestir að það er mjög gott að búa í Mosó.“

Við höfum skoðun á samfélaginu, tókum þátt í samfélagslegum verkefnum og látum okkur umhverfið og hvert annað varða. Við sem störfum fyrir Mosfellinga fundum það líka í þeim aðstæðum sem ríkt hafa í samfélaginu, frá fyrstu bylgju Covid, að við stöndum saman í erfiðum aðstæðum.“

- » Okkar Mosó er samráðsverkefni íbúa og bæjarins um forgangsröðun og úthlutun fjármagns til smærri nýframkvæmda- og viðhaldsverkefna.
- » Verkefni verða hönnuð, boðin út og framkvæmd frá júní 2021 og til september 2022 eftir umfangi verkefna.

NÍU HUGMYNDIR KOSNAR

- 1 Merktar hlaupa- og gönguleiðir frá Lágafellsslaug. Merkingar á leiðum og kort útbúið. (1 m.)
- 2 Grillskáli úr timbri við Stekkjarflöt. (2 m.)
- 3 Níu holu minigolfvöllur í Ævintýragarðinum í Ullarnesbrekkum, opinn almenningi. (10 m.)
- 4 Jólaskreyttur garður á Hlégarðstúni þar sem fólk gerir sér ferð til að eiga góðar stundir. (4 m.)
- 5 Baðaðstaða við norðurenda Hafrvatns. Bílastæði, einföld búninga- og sturtu- og þvottastæði og pallur í flæðarmálinu. (6 m.)
- 6 Fullbúinn körfuboltavöllur með mottu- undirlagi og körfum við Varmárskóla í stað núverandi vallar. (4,5 m.)
- 7 Stikaðar fjallahjólaeiðir í Mosfelli og Úlfarsfelli. Leiðirnar verða merktar og útbúið kort af leiðum. (1 m.)
- 8 Fullbúinn körfuboltavöllur með mottu- undirlagi og körfum við Lágafellsskóla. (4,5 m.)
- 9 Klára að merkja bæjarföllin Bæjarfell, Lala, Lyklafell og Þverfell. (2 m.)



Styðja barna- og unglíngastarf GM og Samkaup undirrita samstarfssamning

Á dögunum var undirritaður samstarfssamningur milli Golfklúbbs Mosfellsbæjar og Samkaupa. Með þessum samningi verður Samkaup aðal styrktaraðili barna- og unglíngastarfsins GM.

Samingurinn var undirritaður þegar Samkaup opnuðu nýja og glæsilega Nettóbúð í Sunnukrika í Mosfellsbæ.

Á myndinni má sjá Davíð og Ágúst frá GM og Ingibjörgu og Jón Steinar frá Nettó.

KIRKJUSTARFIÐ



WWW.LAGAFELLSKIRKJA.IS

HELGIHALD NÆSTU VIKNA

Starfsfólk og sóknarnefnd Lágafells-sóknar óskar ykkur ánægjulegs sumars. Helgihaldið í sumar er sem hér segir:

Sunnudagurinn 27. júní

Göngu guðsþjónusta kl. 11 í Mosfellskirkju. Sr. Ragnheiður leiðir.

Sunnudagurinn 4. júlí

Guðsþjónusta kl. 11 í Mosfellskirkju. Sr. Ragnheiður leiðir.

Sunnudagurinn 11. júlí

Guðsþjónusta kl. 11 í Mosfellskirkju. Sr. Ragnheiður leiðir.

Sunnudagurinn 18. júlí

Guðsþjónusta kl. 11 í Lágafellskirkju eftir þakviðgerðir. Sr. Arndís leiðir.

Sunnudagurinn 25. júlí

Guðsþjónusta kl. 11 í Lágafellskirkju. Sr. Arndís leiðir.

Sunnudagurinn 8. ágúst

Guðsþjónusta kl. 11 í Lágafellskirkju.

Sunnudagurinn 15. ágúst

Guðsþjónusta kl. 11 í Lágafellskirkju.

Sunnudagurinn 22. ágúst

Guðsþjónusta kl. 11 í Mosfellskirkju.

Kyrrðarbænastundir í sumar

Á þriðjudögum í Mosfellskirkju kl. 17.30. Byrjendur mæti kl. 17.15.

Sumarnámskeið Lágafellssóknar

Nóg laus pláss á námskeiðunum okkar í ágúst: 9.-13. ágúst og 16.-20. ágúst.

KYNNUM NÝJAN JEEP®

COMPASS

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF



5 ÁRA ÁBYRGÐ

8 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAHLOÐU

PLUG-IN HYBRID

*NÝ HÖNNUN, NÝ INNRETTING, NÝ TÆKNI, NÝR ÖRYGGISBÚNAÐUR

4xe



VERÐ HLAÐINN AUKABÚNAÐI

6.399.000 KR.*

*SVARTUR LIMITED. AÐRIR LITIR 6.562.000

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á JEEP.IS

- STÆRRI VÉL 240 HÖ
- 360° MYNDAVÉL
- LÁGT DRIF
- LEDURSÆTI OG MÆLABORÐ
- SNERTILAUS OPNUN AFTURHLERA
- FJARLÆGÐARSTILLTUR HRAÐASTILLIR



Malbiksframkvæmdir fram undan í sumar

Í áætlun Mosfellsbæjar fyrir árið 2021 er gert ráð fyrir endurnýjun malbiks á 16 götum og nýlögnum malbiks á 18 stöðum á grundvelli tillögu frá Verkfræðistofu Mannvits sem metið hefur ástand og þörf fyrir endurnýjun og nýlögn malbiks. Stærstu yfirlagnir malbiks árið 2021 í Mosfellsbæ eru: Bjarkarholt, Gerplustræti fyrir framan Helgafellsskóla, Álafossvegur/Helgafellssvegur, Vefaratræti austurendi.



Frábærir útítónleikar á Miðbæjartorginu

Rytmiðskir nemendur úr tónlistardeild Listaskólans héldu skemmtilega tónleika á 17. júní. Fyrst steig á svið hljómsveitin Red Devils. Hún er skipuð þrem nemendum í 4. bekk Helgafellsskóla. Víðir Páll leikur á rafgítar, Daníel Kári á rafbassa og Kristófer Aron á trommur. Leikin voru þrjú rokkuð lög og ljóst að framtíðin er björt í Helgafellslöndinu. Næst steig á svið Acerbic. Sara Rós og Helena Tindra skipta með sér rafgítar og rafbassaleik, Dóra leikur á trommur og Bjartur þenur raddböndin. Leikin voru þrjú rokkuð lög og var góður rómur gerður að leik þeirra. Hljómsveitin The F Sharps steig næst á svið og voru litrík og skemmtileg. Þau léku meðal annars frumsamið lag sem heitir Sunday Groove. Hljómsveitina skipa Bergur Davíð sem leikur á hljómborð og syngur, Dóra trommar, Emil Haukur leikur á rafbassa, Gabríel Kári leikur á rafgítar og sérstakur gestur var Lilja Sól alto saxófónleikari. Rokkbál var næst á svið en sú hljómsveit hefur starfað saman í nokkra vetur og hefur æft upp nokkuð langan lagalista. Gabríel Máni leikur á rafgítar og syngur, Dagur Hrafn leikur á rafgítar og Kári trommar. Einnig leikur Guðni Friðmar, bassaleikari, alla jafna með sveitinni en átti ekki heimagengt í þetta sinn. Síðast en ekki síst steig á svið Ice Dragon. Þórhallur Ími leikur á rafgítar, Ólafur Freyr á rafbassa og Daníel Þorgeir leikur á trommur. Leikin voru þrjú rokkuð lög og einn fönk standard, Cissy Strut. Það er ljóst að ekki mun skorta frábæra fulltrúa Mosfellsbæjar í íslenski poppi-, rokki- og jazztónlist í framtíðinni. Umsjón með tónleikunum hafði Sjonni sem er deildarstjóri við Listaskólann.



SINDRI ÞÓR, SIGRÍÐUR, PÉTUR, PÉTUR OG GUÐNI
Mynd/Þagglóa

Útgáfu rjómalíkjörsins Jöklu fagnað

Mosfellingarnir Pétur Pétursson og Sigríður Sigurðardóttir héldu glæsilegt útgáfuteiti á Barion þann 9. júní. Þá var kynntur formlega til leiks drykkurinn þeirra Jökla sem er áfengur drykkur sem framleiddur er úr íslenskum rjóma. Margt var um manninn og fór Guðni Ágústsson á kostum í ræðupúltinu auk þess sem óperusöngvararnir Davíð og Stefán sungu nokkur lög.

Veislustjórn var í höndum Höskuldur Sæmundssonar auk þess sem Jóhannes Kristjánsson eftirherma lét í sér heyra. Gestir fengu að sjálf-sögðu smakk og nutu kvöldsins á heimavelli Jöklu í Mosfellsbæ.

Viðtökur við Jöklu hafa farið fram úr björtustu vonum að sögn hjónanna sem staðið hafa að þróun rjómalíkjörsins síðastliðin 14 ár. Nú er draumurinn orðinn að veruleika.

Sér fyrir endann á 2. og 3. áfanga Helgafellsskóla • Hýsir 5.-10. bekkinga skólans

Framkvæmdum lýkur innan skamms



Bæjarstjórn og fræðslunefnd fóru þann 9. júní í kynnisferð á seinni áfanga Helgafellsskóla sem nú er unnið að innréttingu á.

Fyrri hluti framkvæmdarinnar, sem voru á 1. og 4. áfanga, er lokið. Þar er um að ræða rými fyrir tónlistarskóla, 1.-4. bekk, skrifstofu skólans, leikskóla, lóð fyrir yngri stig, leikskólalóð á þaki, bílastæði og battavöllur.

Skólastarf geti hafist í haust

Nú sér fyrir endann á seinni hluti framkvæmdar við Helgafellsskóla en um er að ræða 2. og 3. áfanga byggingarinnar sem mun hýsa 5.-10. bekk, sérgreinarými, stoðrymi og sal.

Hálfs árs bið var eftir að þessi verkhluti hæfist vegna kærumáls sem úrskurðarnefnd útboðsmála tók of mikinn tíma í að úrskurða um miðað við gildandi reglur. Kæruférlinu lauk með úrskurði um að ákvörðun Mosfellsbæjar um töku tilboðs lægstbjóðanda var talin réttmæt.

Vegna þessara tafa var gripið til ráðstaf-

ana svo skólastarf gæti hafist haustið 2021 eins og stefnt var að í upphafi og verður ekki annað ráðið en að það muni takast.

Nútímaleg skólabygging

„Helgafellsskóli er falleg, nútímaleg skólabygging sem mun taka á móti nemendum í haust,“ segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri Mosfellsbæjar.

„Undirbúningur, hönnun og framkvæmd öll hefur verið til fyrirmyndar og starfsmönnum Mosfellsbæjar og verktökum til mikils sóma. Það var mjög gaman að ganga þar um sali og sjá hvert rýmið á fætur öðru taka á sig endanlega mynd.“

Við Mosfellingar höfum verið í fararbroddi með margt í skólaþróun og þessi nýjasti skóli okkar mun auðvitað bæta í reynslubankann enda margt nýmæla í byggingunni eins og sérhönnuð árgangarsvæði, sérstök rými til tónlistarkennslu og hljóðvist sem styður við samkenntu og gott vinnurými almennit“ segir Haraldur Sverrisson.

Hestamennt heldur úti vinsælum reiðskóla

Reiðskólann Hestamennt þekkja flestir Mosfellingar enda hefur hann verið í núverandi mynd, á félagssvæði Harðar, síðan árið 2000. Söguna má þó rekja mun lengra aftur í tíman þegar reiðskólinn var til húsa upp við Reykjaland en almenn samarnám-skeið byrjuðu þar í kringum 1992.

„Yfir sumartímann sækja ungir nemendur skólann heim en aldur nemenda er frá 4-16 ára námskeiðin byrja þegar skóla lýkur og þeim lýkur þegar skóli hefst að hausti. Á veturna sinnir reiðskólinn svo kennslu fyrir fræðslunefnd fatlaðra í Herði, er það mjög gefandi og þarft starf,“ segir Fredrica Fagerlund skólastjóri.

Reiðskólinn hefur yfir um 40 gæðingum að ráða og hafa margir þessara hesta fylgt skólanum nær alla tíð. Nánari upplýsingar er að finna á www.hestamennt.is



LÍF OG FJÖR A
FALLEGUM DEGI

ALLT FYRIR GÓÐA HELGI

Í NÆSTU VERSLUN NETTÓ!

TILBOÐ GILDA 24. – 27. JÚNÍ

HÁLF NAUTALUND

KJÖTBANKINN

46%
AFSLÁTTUR

2.969 KR/KG

ÁÐUR: 5.499 KR/KG

Heilsuvara
vikunnar!

Ekologiska Ökologiske
rotfrukt
rotfrugt
chips

30%
AFSLÁTTUR

Snakk - Rótargrænmeti
100 gr

279 KR/PK
ÁÐUR: 399 KR/PK



30%
AFSLÁTTUR

Grillpýlsur
Nauta - 7 stk/260 gr

489 KR/PK
ÁÐUR: 699 KR/PK



KJÖTSEL

40%
AFSLÁTTUR

Lamba sirloinsneiðar
með hvítlaukssmjöri

1.379 KR/KG
ÁÐUR: 2.299 KR/KG



40%
AFSLÁTTUR

Nauta lúxustvenna
Ribeye cap og framfille

4.199 KR/KG
ÁÐUR: 6.998 KR/KG

KJÖTSEL



KJÖTSEL

30%
AFSLÁTTUR

Kjúklingabringur
Grilltvenna

1.866 KR/KG
ÁÐUR: 2.665 KR/KG

10%
AFSLÁTTUR

Humar
1 kg - skelbrot

3.959 KR/KG
ÁÐUR: 4.399 KR/KG



30%
AFSLÁTTUR

Graskersbrauð
508 gr

439 KR/STK
ÁÐUR: 629 KR/STK

BERJADAGAR

Bláber - Hindber - Brómber

30%
AFSLÁTTUR



nettó

Lægra verð - léttari innkaup



FÁÐU BETRA VERÐ MEÐ SAMKAUP Í SÍMANUM

Náðu í appið og safnaðu inneign

Þú getur notað appið í öllum
Nettó verslunum



Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Altarið vígt af biskupi Íslands • Sögufélagið Steini stendur á bak við framkvæmdina

Útialtarið við Esjuberg vígt

Sunnudaginn 20. júní var útialtarið við Esjuberg undir Kerhólakambi á Kjalarnesi vígt af Biskupi Íslands. Fjöldmennt var við vígsluna og hátíðarbragur var yfir gestum sem gæddu sér á kaffi og kleinum eftir athöfn í boði Sögufélagsins Steina og sóknarnefndar Brautarholtssóknar.

Hátíðleg athöfn á Kjalarnesi

Ásamt Biskupi Íslands þjónuðu prófastur Kjalarnessprófastsdæmis sr. Hans Guðberg Alferðsson, sóknarprestur Reynivallaprestakalls sr. Arna Grétarsdóttir og sr. Ragnheiður Jónsdóttir sóknarprestur Lágafellsprestakalls. Reynivallaprestakall og Lágafellsprestakall mynda samstarfs-svæði prestanna á svæðinu.

Auk þeirra þjónuðu sr. Gunnþór Inga-son, fyrrverandi prestur Þjóðmenningar, en hann var sérlegur ráðgjafi keltneskrar kristni við hönnun og gerð altarishringursins. Hrefna Sigríður Bjartmarsdóttir formaður Sögufélagsins Steina flutti upphafsorð.

Bjarni Sighvatsson, varaformaður Sögufélagsins Steina, las úr Kjalnesingasögu. Bænir fluttu Björn Jónsson sóknarnefndarformaður Brautarholtssóknar, Guðlaug Kristjánsdóttir, ritari sögufélagsins, og Sigríður Pétursdóttir sem bæði situr í sóknarnefnd og í stjórn sögufélagsins á Kjalarnesi.

Fermingardrengur úr Brautarholtssókn, Jón Þórður Björnsson, bar sálmaþok á altarið, handbók bar Björn Jónsson sóknarnefndarformaður og prófastur færði fallega áletraða Biblíu til altarinsins.

Þá söng kór Reynivallaprestakalls við athöfnina.

Tveggja metra hárr kross

Útialtarið er hlaðinn altarishringur úr grjóti í anda keltneskrar kristni. Altaris-



FJÖLMENT VÍÐ VÍGSLU Á KJALARNESI

steininn er stór grágrýtissteinn staðsettur fyrir miðjum hringnum. Krossinn er steiptur um 2 m hárr og festur niður í altarissteininn.

Á krossinum eru festir fjörusteinar sem börn á Kjalarnesi tundu og gáfu til krossins. Á krossinum eru einnig fjörusteinar frá eyjunum helgu við Bretlandsstrendur, Iona og Lindisfarne. Þar stóðu hin fornu keltnesku kirkjuklaustur og fræðasetur.

Til minningar um fyrstu kirkju landsins

Hugmynd að útialtari fæddist í hjörtum velunnara sögu og kristni. Fyrsta skóflustunga var tekin 8. maí 2016 af Biskupi Ís-

lands. Sögufélagið Steini tók þá ákvörðun um að reisa keltneskt altari til minningar um fyrstu kristnu kirkju á Íslandi samkvæmt Landnámabók.


Safnað hefur verið fyrir framkvæmdum og hafa framlög einstaklinga, fyrirtækja og þjóðkirkjunnar verið vegleg.

Við altarið munu eflaust fara fram hjónavígslur og skírnir auk þess sem Sögufélagið Steini og kirkjan munu áfram standa fyrir kyrrðar- og helgistundum við altarið. Fólk er bent á að hafa samband við sóknarprest Reynivallasóknar eða formann Sögufélagsins Steina ef það hefur í hyggja að leita eftir kirkjulegri athöfn við altarið.



Halla og Berta bjóða upp á útileikfimi

Halla Karen Kristjánsdóttir og Berta Þórhalladóttir standa fyrir fjögurra vikna útinámskeiði í sumar. Þær bjóða stelpum/konum að hittast á Hlégarðstúnu þriðjudaginn 29. júní kl. 17 í fríum kynningartíma, án allra skuldbindinga. Boðið verður upp á fjölbreyttar æfingar með tónlist, stuði og stemmingu. Síðan hefst fjögurra vikna útinámskeið þrisvar í viku. Mánudögum kl. 20 (eitt fell ásamt öndunaræfingum og góðum teygjum), þriðjudögum og fimmtudögum kl. 17 og þá eru fjölbreyttar þol-, styrktar- og liðleikaæfingar. Frekari upplýsingar er hægt að fá í gegnum netfangið utifjor@gmail.com.



ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN EIRHÖMRUM • FRAM UNÐAN Í STARFINU

SÍÐSUMARSFERÐ 11. ÁGÚST

Á vegum FaMos og félagsstarfsins á Eirhömrum

Farið verður að Flúðum á mjög flottan veitingastað hjá Flúðasveppum þar sem við fáum okkur að snæða af þeirra flotta sælkerahlaðborði, kaffi á eftir. Aðrir drykkir ekki innifaldir. Síðan verður farið í hellaskoðun í Landsveit en þar er mjög gott aðgengi. Þar verður boðið upp á kaffi og meðlæti. Verð í þessa ferð er kr. 8.000 á mann.

Lagt verður af stað frá Eirhömrum kl. 10, heimkoma milli kl. 17–18. Skráningarblöð liggja frammi hjá félagsstarfinu. Einnig er hægt að skrá sig hjá Elvu, forstöðumanni félagsstarfsins, í síma 586-8014 milli 13-16 virka daga eða hringja í Snjólaugu, ritara FaMos, í síma 897-4734.




Skrifstofa félagsstarfsins er opin alla virka daga kl. 13–16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er *Elva Björg Pálsdóttir* tómstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

Skrifstofa FaMos á Eirhömrum er opin alla fimmtudaga frá kl. 15–16.

FÉLAG ALDRADRA í Mosfellsbæ og nágrenni
famos@famos.is
www.famos.is

STJÓRN FAMOS

Ingólfur Hrólfsson formaður
s. 855 2085 ihhj@simnet.is
Úlfhildur Geirsdóttir varaformaður
s. 896 5700 bruarholl@simnet.is
Margrét Ólafsdóttir gjaldkeri
s. 863 3359 margretjako@gmail.com
Snjólaug Sigurðardóttir ritari
s. 897 4734 snjolaugsig@simnet.is
Kristbjörg Steingrimsdóttir meðstjórnandi
s. 898 3947 krist2910@gmail.is
Jóhanna B. Magnúsdóttir 1. varamaður
s. 899 0378 hanna@smart.is
Þorsteinn Birgisson 2. varamaður
s. 898 8578 thorsteinn.birgis@gmail.com



OKKAR MOSÓ

– Takk fyrir frábæra þátttöku!

Íbúakosningunni Okkar Mosó 2021 er lokið og þau nýu verkefni sem voru valin fara nú í framkvæmd.

Þátttaka íbúa í bæði hugmyndasöfnuninni og sjálfri kosningunni var frábær og íbúar Mosfellsbæjar settu aftur Íslandsmet í kosningaþátttöku í verkefni sem þessu, en 20,5% íbúa tóku þátt í kosningunni.

Íbúar Mosfellsbæjar láta sig því samfélagið varða og taka þátt í forgangsröðun og ákvarðanatöku framkvæmda.

Sagt verður frá framkvæmdum við verkefnin, sem íbúar völdu, þegar þau hafa komið til framkvæmdar.



OKKAR MOSÓ
ÍBÚAKOSNING 2021


HEILSUEFLANDI
samfélag



OPNUNARTEITI Í NETTÓ

Ný 750 fm verslun opnuð í Mosfellsbæ í byrjun júní

Nettó hefur opnað verslun í Sunnukrika

Föstudaginn 4. júní opnaði Nettó nýja verslun í Sunnukrika 3 í Mosfellsbæ. Lögð er mikil áhersla á ferskvöru og það fyrsta sem mætir viðskiptavinum við komuna er

brakandi ferskt ávaxta- og grænmetistorg. Þá er Nettó leiðandi í heilsusamlegum og lífrænum vörum sem fá mikið rými í versluninni.



RÚMGÓÐ VERSLUN



LAUGARDAGINN 28. ÁGÚST 2021

Utanvegahlaup fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna.

Fjórar vegalengdir í boði:

1 tindur (12 km), **3 tindar** (19 km),
5 tindar (34 km) og **7 tindar** (38 km).

Glæsileg verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin í karla- og kvennaflokki í öllum vegalengdum.



Run on clouds.



Í túninu
HEIMA

Kynntu þér **TINDAHLAUP**
MOSFELLSBÆJAR á hlaup.is



Óskað eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenninga

Umhverfisnefnd Mosfellsbæjar óskar eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenninga Mosfellsbæjar fyrir árið 2021.

Umhverfisnefnd veitir árlega umhverfisviðurkenningar völdum aðilum í Mosfellsbæ sem skarað hafa fram úr í umhverfismálum.

Óskað er eftir tilnefningum frá almenningi um hver hljóta skuli þessa viðurkenningu nú í ár.

Hægt er að tilnefna einstaklinga, garða, götur, stofnanir, félagasamtök og fyrirtæki í Mosfellsbæ.

Tilnefningar má senda rafrænt á heimasíðu Mosfellsbæjar eða með tölvupósti á mos@mos.is, og skulu berast fyrir 1. ágúst 2021.

Umhverfisnefnd mun fara yfir innsendar tilnefningar að því loknu og veita þeim sem verða fyrir valinu viðurkenningar við sérstaka athöfn á bæjarhátíðinni Í túninu heima í lok ágúst.



MOSFELLSBÆR




FASTEIGNASALA

ALLT ER NÚ Í MOSFELLSBÆ

Velkomin til ALLT fasteignasölu í Mosfellsbæ

Þessa dagana er rífandi sala á fasteignum á landsvísu. Síðastliðinn mars voru gefnir út 1.488 kaupsamningar um íbúðarhúsnæði samkvæmt tölum frá Þjóðskrá Íslands. Ekki hafa fleiri viðskipti átt sér stað í stökum mánuði frá upphafi mælinga eða frá árinu 2006. **Núna er góður tími til að selja.**

Við leggjum áherslu á ánægju bæði kaupanda og seljanda og sýnum öryggi og nákvæmni í öllum vinnubrögðum. Við látum hlutina ganga upp.

ALLT er að þverholti 2




FASTEIGNASALA

ALLT fasteignasala er staðsett á fjórum stöðum, á Stór-Reykjavíkursvæðinu í Mosfellsbæ, Reykjanesbæ, Grindavík og Vestmannaeyjum ásamt því að reka Sólareignir sem er sala á eignum erlendis. Fasteignasalan leggur metnað sinn í að koma á mótis við viðskiptavini ásamt því að vera hágæða fasteignasala.

Sími 560-5505
allt@allt.is, allt.is

AÐSTAÐA Á NEÐRI HÆÐ KLETTS
HEFUR VERIÐ VEL NÝTT Í VETUR



Mikil uppbygging • Klettur fullkláraður • Biðlisti í fulla aðild

Meðlimir í klúbbnum nálgast 2.000 manns

Golfklúbbur Mosfellsbæjar hefur vaxið ört undanfarin ár og nú er staðan þannig að það er kominn biðlisti í fulla aðild. Félagafjöldinn stendur núna í 1.920 manns. „Það er gaman að segja frá því að fjöldi félaga 18 ára og yngri hefur stórukist og er núna 346 krakkar í klúbbnum,“ segir Ágúst Jónsson framkvæmdastjóri GM.

„Af þessum 1.920 meðlimum er rétt um 800 meðlimir búsettir í Mosfellsbæ. Við höfum verið að skoða það undanfarið hvar Mosfellingar eru í golfklúbbum og var niðurstaðan virkilega ánægjuleg. Það eru rétt um 930 Mosfellingar meðlimir í golfklúbbum hér á höfuðborgarsvæðinu sem segir okkar að rúmlega 85% velja að vera félagar í Golfklúbbi Mosfellsbæjar. Við fögnum því sérstaklega enda eflir það og styrkir okkar starf.“

Nýja aðstaðan á neðri hæðinni vel nýtt

„Það hefur mikil uppbygging átt sér stað undanfarin ár og ber þar hæst bygging íþróttamiðstöðvarinnar Kletts. Nú er sú bygging fullkláruð og virkilega vel nýtt. Síðastliðinn vetur var neðri hæðin tekin í notkun, en hún hýsir inniæfingaaðstöðu GM. Þar er allt til alls til þess að æfa sveifluna auk tveggja glæsilegra golfherma.

Það var virkilega gaman að sjá í vetur hversu vel þessi aðstaða er nýtt og mun hún án nokkurs vafa hafa virkilega góð áhrif á starf klúbbsins. Einnig hafa miklar umbætur átt sér stað bæði á Hlíðavelli og í Bakkakoti og mun sú vinna halda áfram

og viljum við vera í fremstu röð golfklúbba á Íslandi.“

Hægt að panta í gegnum Dineout

„Nú nýverið var haldið hjá okkur á Hlíðavelli styrktarmót, Palla Open, sem tókst virkilega vel. Þar gaf golfklúbburinn alla sína vinnu og söfnuðust rétt rúmar tvær milljónir króna sem fóru til Hladgerðarkots og sumarbúðanna í Reykjadal. Það er virkilega ánægjulegt og okkur mikilvægt að geta stutt við nærsamfélagið hér í Mosfellsbæ með þessum hætti.

Aðalstyrktaraðili Palla Open var Dineout sem er öflugur samstarfsaðili okkar í GM. Dineout.is er íslenskt hugbúnaðar fyrirtæki sem hannað hefur pöntunarkerfi fyrir veitingastaði til að halda utan um borðapantanir, take away og heimsendingar á mat. Inn í Dineout.is og gegnum smáforritið Dineout Iceland getur almenningur einnig nálgast yfir 120 veitingastaði og pantað borð eða fengið mat sendan heim.

Dineout er einnig með snertilausar lausnir sem við nýtum okkar bæði á Blik sem og úti á golfvelli. Nú er hægt að panta með því að nýta þessa lausn á 9. teig og 18. teig. Með þessu viljum við auka þjónustuna við kylfinga og vonum að þeir eigi eftir að nýta sér hana. Á Blik er hægt að panta í gegnum þessa snertilausu lausn og eru QR kóðar staðsettir á útiborðunum sem og inni í litla sal. Þetta flýtir talsvert fyrir þjónustunni og ættu kylfingar sem nýta sér þetta ekki að þurfa bíða lengi eftir veitingum.“



Styrktar- og skjúkrasjóður verslunarmanna í Reykjavík

Blandsstraumstæki gefið á Reykjaland

Á dögunum kom stjórn Styrktar- og skjúkrasjóðs verslunarmanna í Reykjavík í heim sókn á Reykjaland. Erindið var að afhenda formlega blandstraumstæki sem sjóðurinn hefur gefið Reykjalandi.

Blandsstraumstækið er að verðmæti um ein milljón króna. Það verður nýtt í skjúkráþjálfunardeild Reykjalandar en tækið veitir m.a. djúprverkandi meðferð á bólgu í liðum og vöðvum.

Gaman er að segja frá því að Styrktar- sjóðurinn, sem er 152 ára á þessu ári, hefur

verið öflugur bakhjarl Reykjalandar síðustu áratugi og fært honum fjölda merkra gjafa á þessu tímabili fyrir tugi milljóna króna á núvirði.

Meðfylgjandi mynd var tekin af stjórn sjóðsins ásamt nokkrum stjórnendum Reykjalandar og hluta af starfsfólki skjúkráþjálfunardeildarinnar.

Stjórnendur og starfsfólk Reykjalandar senda Styrktar- og skjúkrasjóði verslunarmanna í Reykjavík sínar bestu þakkar- kveðjur.



Davíð Ólafsson lög. fast.
david@fastborg.is

ÉG GEF MÉR TÍMA FYRIR ÞIG!

- fagleg og persónuleg þjónusta
HRINGDU Í 897-1533

BORG

FASTEIGNASALA

DINEOUT

Hvenær? Hvað? Hvar?

Bambus Restaurant
Fiskur, Eftirréttir, Kjöf
60min
90min

Gandhi
Grænmetis/Vegan,
Setustofa, Sjávarréttir
40min

Steikhúsið
Fiskur, Eftirréttir, Kjöf
30min

Sushi Corner
Fiskur, Sjávarréttir, Sushi
25min

ÉG MÆLI MEÐ
DINEOUT ICELAND appinu

Download on the App Store
GET IT ON Google Play

MOSFELLSBÆR

Laus störf í Mosfellsbæ

Mosfellsbær hefur tekið í gagnið nýjan ráðningarvef.

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum má sjá og sækja um á nýjum ráðningarvef:
www.mos.is/storf

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

ÖFLUGIR GÓÐGERLAR fyrir alla fjölskylduna

Af bæði eigin reynslu og í gegnum starf mitt sem hjúkrunarfræðingur hef ég áttað mig á því hversu stór partur af heilsu fólks er tengdur meltingarveginum. Regluleg inntaka á góðgerlum styður við heilbrigða þarmaflóru og eflir ónæmiskerfið. Ég get svo sannarlega mælt með **Bio-Kult** vörunum sem hluta af heilbrigðum lífsstíl.

*Laufey Steindórsdóttir,
hjúkrunarfræðingur og jógakennari.*



Bio-Kult
stendur vörð um þína heilsu



BLÁSÍÐ Í LÚÐRA

SVIPMYNDIR



BARNALÁN Í FELLINU

17. JÚNÍ Í MOSÓ

VIÐBURÐUM DAGSINS DREIFT Á VEL VALDA STAÐI



SKÁTARNIR HÖFÐU Í NÓGU AÐ SNÚAST



PORRI OG ÞURA SKEMMTU Í BREKKUNNI Í ÁLAFOSSKVOS



ÍBÚAR Í LATABÆ OG MOSFELLSBÆ SAMEINUÐUST Í MELTÚNSREIT



KEPPT UM TITILINN STÁLKONAN 2021



VINKONUR Í FELLINU



FJÖLSKYLDA Á FERÐ Í KVOSINNI



HLJÓMSVEITIR ÚR LISTASKÓLANUM TRÓÐU UPP Á MIÐBÆJARTORGINU

Myndir/RaggiÓla

Reiðskólinn Hestamennt



Hestamennt



Hestamennt

Sumarnámskeið fyrir 6- 16 ára

- 10 - 18. júní
- 21. júní - 2. júlí
- 5 - 16. júlí
- 19 - 23. júlí
- 26 - 30. júlí
- 3 - 6 ágúst
- 9 - 20 ágúst

Stubbanámskeið

- 26 - 30. júlí
- Fyrir yngstu knapana
- 4-6 ára

Þar sem borgin og náttúran mætast

hestamennt.is

HÓPEFLI

STARFSMANNADJAMM

KEILA, MATUR, DRYKKUR OG ALLTAF GOTT VEÐUR



HÓPEFLIÐ HEFST OG ENDAR Á EINUM OG SAMA STAÐNUM

Við höfum endurbætt alla aðstöðuna á keilubrautum, stærri og betri borð, þægilegra aðgengi og hraðari afgreiðsla.

Hvar er betra að þjappa hópnum saman en í góðu veðri innandyra hjá okkur þar sem allt er á einum stað.

PIZZA, DRYKKUR OG KEILA ALLT Á SAMA STAÐ

Fáðu tilboð frá okkur í þinn hóp á keiluhollin@keiluhollin.is


Keiluhöllin
EGILSHÖLL



FRAM UNÐAN Á BARION



Boltinn í beinni - fylgstu með á Facebook og Instagram



— 25. JÚNÍ

LILJA BJÖRK OG INGI VALUR

Lifandi tónlist föstudagskvöldið 25. júní á Barion Mosfellsbæ. Lilja Björk og Ingi Valur mæta með hljóðnema og gítar og skemmta Mosfellingum og nærsveitungum kl. 22-24. Frítt inn!



— 26. JÚNÍ

EM Í FÓTBOLTA - 16 LIÐA ÚRSLIT HEFJAST

Evrópukeppnin stendur nú sem hæst en um er að ræða stærsta knattspyrnuviðburð ársins. Það er komið að útsláttarkeppni sem verður að sjálfsögðu í beinni á Barion í dúndur mynd- og hljóðgæðum.



— 10. JÚLÍ

GG BLÚS Á BARION

GG blús er rokkaður blús-dúett, mannaður tveimur Guðmundum á gítar, trommur og söng. Þeir hafa komið víða við og starfað í hljómsveitum eins og Sálinni hans Jóns míns, Kentár, Sixties og fleirum. Frítt inn!



— 17. JÚLÍ

TRÚBADORAKVÖLD - ALEXANDER ARON

Alexander Aron skemmtir gestum Barion laugardagskvöldið 17. júlí kl. 22-24. Með gítarinn að vopni keyrir hann upp stemninguna á hverfisstaðnum þínum. Frítt inn!



— 25. JÚLÍ

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ KK

Okkar ástsæli tónlistarmaður Kristján Kristjánsson mætir með gítarinn á Barion Mosó. KK spilar sín bestu lög og segir sögur. Tryggðu þér sæti á Barion.is (2.000 kr. og innifalinn drykkur).



HÆGT ER
AÐ PANTA
BORD Í SÍMA
456-4040

  **BARION_MOSO**

Sumar sedill



NAUTA CARPACCIO

Karmeliseraðar pekanhnetur, klettsalat, kryddolía, sítróna og parmesan ostur.



CARPACCIO BÖRGER

Nauta Carpaccio, japanskt mayo, karmeliseraðar pekanhnetur, klettsalat, rifinn parmesan ostur og basil pestó. Borið fram með sætkartöflufrönskum.



SJÁVARRÉTTASÚPA

Hörpuskel, rækjur og bláskel, toppuð með þeyttum rjóma. Borið fram með súrdeigsbrauði og smjöri.



SJÁVARRÉTTAPASTA

Ferskt tagliatelle pasta í kremaðri humarsósu með hörpuskel, rækjum og bláskel. Borið fram með hvítlauks súrdeigsbrauði.



BEIKON PASTA

Ferskt tagliatelle pasta í rjómaostasósu með beikoni og sveppum. Borið fram með hvítlauks-súrdeigsbrauði.

FIMM NÝIR
RÉTTIR Á
BARION



EM Í FÓTBOLTA
SPENNAN MAGNAST!

ALLIR LEIKIR Í BEINNI Á BARION.

HÁDEGISTILBOÐ BÁTUR OG GOS

1.695 KR.

KL. 11:30 - 14:00



Hlöllabátar

síðan 1986



BARION
M A T B A R



Listasalur Mosfellsbæjar

Næstu sýningar í Listasalnum

Ásdís Birna Gylfadóttir og Ragnheiður Erla Björnsdóttir mynda tvíeykið SÚL_VAD sem verður með sýningu í Listasal Mosfellsbæjar í júlí. Sýningin heitir *vatnaveran mín* og er innsetning úr hljóðum og myndbandsklippum.

Áherslan er á mismunandi hreyfingar og hvernig þær vinna saman með hljóðinu til

að skapa upplifun fyrir sýningargesti.

Sýningaropnun er föstudaginn 1. júlí kl. 16 -18 og síðasti sýningardagur er 30. júlí. Viku síðar tekur svo við sýning myndlistarhópsins Mosa á olíumálverkum. Hóppinn skipa tólf frístundamálarar sem hittast vikulega á vinnustofu sinni í FMos til að mála saman.



Ritsmiðja í Bókasafninu

Árnís Þórarinsdóttir rithöfundur stýrði stórskemmtilegri Harry Potter ritsmiðju í Bókasafninu í síðustu viku.



Dr. Bæk mætti í heimsókn

Dr. Bæk sótti Bókasafnið heim á dögnum. Þrátt fyrir að veðrið hafi ekki verið hjólréiðahvetjandi komu ansi margir bæjarbúar í safnið og nýttu sér þjónustu doktorsins.

Eins nýttu margir tækifærið og skráðu sig í Sumarlestur sem er lestrarátak safnsins yfir sumarmánuðina.

Líkar þér við okkur?



Bókasafn Mosfellsbæjar er á Facebook

facebook.com/bokmos

GLEÐIAUKANDI RÁÐ



VIÐ ERUM Í SUNNUKRIKA 3.
VERIÐ HJARTANLEGA VELKOMIN.

Sunnukriki 3
566 7123

www.apotekarinn.is

Apótekarinn⁺
Mosfellsbæ

TRÍÓ

— MÁNAÐARINS —

→ EIN STÓR PIZZA ←

1.990 KR.


AÐEINS EF ÞÚ PANTAR Á NETINU EÐA MED APPINU, GREIÐIR FYRIR FRAM OG SÆKIR



PANTAÐ Á
NETINU EÐA
MED APPINU OG
GREITT FYRIR FRAM

3

ÞRÍJÁR PIZZUR AF
MATSEDLI Á SJÓÐ-
HEITU TILBOÐSVERÐI
Í HVERJUM MÁNUÐI



STÓR PIZZA-

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP

Áslaug Kirstín Ásgeirsdóttir kennari og lesblinduráðgjafi hefur starfað við kennslu hátt í 30 ár

Snemma byrjuð á ævistarfinu

Kennsla er starf sem krefst mikillar seiglu og sveigjanleika, þolgæðis og samstarfs við marga ólíka nemendur. Kennarinn þarf ósjaldan að beita ýmsum brögðum við að kveikja áhuga nemenda og getur því þurft að vera í senn, leiðbeinandi, fræðari, félagi og fyrirmynd.

Áslaug Kirstín Ásgeirsdóttir er reynslu-mikil kona sem hefur unnið við kennslu í öllum aldursþópum en hin síðari ár hefur hún unnið við sérkennslu ásamt því að hjálpa lesblindum einstaklingum.

Áslaug er fædd í Reykjavík 13. febrúar 1952. Foreldrar hennar eru þau Kirstín Lára Sigurbjörnsdóttir húsmóðir og handa-vinnukennari og Ásgeir Ó. Einarsson dýra-læknir í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Systkini Áslaugar eru þau Guðrún Lára f. 1940, Einar Þorsteinn f. 1942, d. 2015, Sigrún Valgerður f. 1944 og Þórdís f. 1948.

Eilíflega þakklát fyrir fjölskylduna

„Ég er Vesturbæingur, uppalin í Ási við Sólvallagötu. Húsið var á tveimur hæðum með risi og kjallara, stór garður og skemmtilegt og líflegt heimilislíf enda vorum við mörg í heimili, foreldrar, afi og við systkinin.

Ég er yngst og er eilíflega þakklát fyrir fjölskyldu mína, áhrifin sem ég varð fyrir af samverunni og uppeldi með þeim öllum. Það var farið í kirkju á sunnudögum, mamma með matinn tilbúin, pabbi að undirbúa næsta útkall, afi að sinna ritstörfum inn á kontor og ég lá einhvers staðar með bók og las.“

Snemma byrjuð á ævistarfinu

„Ég á margar skemmtilegar minningar frá æsku. Til dæmis safnaði ég og Þórdís systir saman krökkum úr nágrenninu í skólaleik, m.a. Diddú og Ásdísi systur hennar, settum þau við borð og vorum kennarar, svo það má segja að ég hafi verið snemma byrjuð á ævistarfinu,“ segir Áslaug og brosir.

„Ég man líka eftir viðburðaríkum ferðum með pabba í lækneisheimsóknir hingað og þangað, m.a. til bændanna sem voru með bú sín inn í miðri Reykjavík og Kópavogi.“

Hápunkturinn hin árlega brunaeðing

„Ég gekk í Vesturbæjarskóla, Melaskóla og Hagaskóla. Guðrún Lára systir mín kenndi mér að lesa 6 ára og ég hóf skólanám 7 ára. Allir skólarnir höfðu sinn sjarna og ég á bara góðar minningar frá skólaárunum. Í gamla Vesturbæjarskólanum var hápunkturinn hin árlega brunaeðing, að fá að bruna niður rennibrautina af annarri hæð.

Krakkar byrjuðu snemma að vinna í den, ég vann mörg sumur á Hótel Eddu á Eiðum en Guðrún Lára systir var hóteltjóri og síðar mamma. Ég starfaði líka sem ritari á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund og sótti svo um flugfreyjuna. Fyrr og síðar var ég rit-



Fjölskyldan, Matthildur Anna, Embla Eir, Oddur Örn, Áslaug, Kirstín Lára, Ágúst, Auður Áslaug, Halldóra Kirstín og Anna Dúna.



Eftir Ruth Örnólfssdóttur
MOSFELLINGURIN
ruth@mosfellingur.is

Mikil gerjun í gangi

„Leið mín lá síðan í Menntaskólann í Reykjavík og Kennaraháskóla Íslands. Árin frá Hagaskóla og í MR voru mikil mótunarár, tónlistin var í mikilli uppsveiflu og það komu út nýjar plötur vikulega sem heillaði okkur upp úr öllu valdi.

Við settum spurningarmerki við gamla tímamann, vildum breytingar. Rauðsokkur og jafnrétti. Það var mikil gerjun í gangi því við upplifðum svo miklar breytingar í gamla samfélaginu. Eftir útskrift úr Kennaraháskólanum 1975 kenndi ég á Akureyri.“

Sofnuðum í sveit en vöknudum í bæ

„Ég hitti Halldór Á. Bjarnason í Vesturbæjarlauginni árið 1979, það var upphaldsstaðurinn minn og hann veiddi mig þar,“ segir Áslaug og skellihlær.

„Við eignuðumst þrjú börn, Odd Örn f. 1980, Kirstínu Láru, f. 1983 og Önnu Dúnu f. 1991, barnabörnin eru fjögur.

Við Halldór bjuggum fyrst við Norðlingabraut, og eftir að tvö elstu börnin fæddust fluttum við til Sviss og Hollands og þar var ég heimavinnandi með tvö börn, á hjóli, þetta voru yndisleg ár.

Við vorum alla tíð með hesta og tókum mið af þeim og börnunum þegar við fundum framtíðarheimilið í Leirutanga í Mosfellssveit árið 1987. Við fjölskyldan sofnuðum í sveit en vöknudum í bæ, ég var hálf spæld yfir því en hér hefur verið gott að búa. Tvær systur minna búa hér líka, við vorum allar þrjár í Leirutanga þegar börnin okkar voru að alast upp, bróðir okkar bjó svo í Álafoskvosinni og sú elsta út á landi.

Við Halldór slitum samvistum 2005, hann lést 2011 en vinátta okkar hélst alla tíð. Eftir að við fluttum í Mosfellsbæ hef ég kennt í

ari, m.a. hjá Ungmennafélagi Íslands, Krabbameinsfélaginu og á Kvennadeild Landspítalans.“

Gagnfræðaskólanum, Varmárskóla, Lágafellsskóla og nú í Helgafellsskóla. Ég hef unnið við kennslu í öllum aldursþópum, símenntunarkennslu hjá Mími, elstu deild í Reykjakoti og hin síðari ár í sérkennslu á ýmsum aldursstigum.“

Mér rann það alltaf til rifja

„Áhugamál mín eru ansi mörg, sum bíða í skúffu, önnur eru uppi á borðinu. Það helsta er náttúra Íslands, umhverfismál, íslensk tunga, lestrarvandi, hreyfing í formi útiveru, garðyrkja, hestamennska, myndlist og fegurðin í hinu smáa.

Ég bætti við mig listgreinakennslufræðum um aldamótin og svo kom vinkona mín, Hildur Einarisdóttir og maður hennar, Örn Kjærnsted, því til leiðar, að Davis aðferðin yrði kennd á Íslandi en það var árið 2003.

» **Mér rann það alltaf til rifja að vera bjargarlaus gagnvart lesblindum, því greip ég þetta tækifæri fegins hendi.**

Ég var heppin að vera með í þeim hópi því allt frá því ég hóf kennslu, fann ég svo til þess, að engin þjálfun kom með mér frá Kennaraháskóla Íslands, sem bjó mig undir að hjálpa lesblindum eða hæglausum börnum. Mér rann það alltaf til rifja að vera bjargarlaus gagnvart lesblindum, því greip ég þetta tækifæri fegins hendi.“

Lesblinda er ekki einfalt viðfangsefni

Áslaug lærði Davis aðferðina með vinkonu sinni, Sigurborgu Svölu Guðmundsdóttur kennara. Þær voru heppnar að læra þetta hér á landi og fengu erlenda leiðbeindur til sín í eitt ár. Þær opnuðum skrifstofu, ásamt öðrum, og störfuðu við þetta í rúmlega 10 ár.

HIN HLIÐIN

Upphaldssjónvarpsþáttur? Silfur Egils.

Besta ráð sem þú hefur nýtt þér?

Það kemur frá mömmu, að hlaupa alltaf upp og niður stiga, sum sé að hugsa vel um heilsuna.

Hvað keyptir þú síðast fyrir heimilið?

Bokashi, lífræn tunna í eldhúsið.

Þrjú orð sem lýsa þér best?

Náttúrubarn, skapandi, grænir fingur.

Hver er þín óvenjulegasta lífsreynsla?

Að fá að koma inn á heimili á opiumræktarsvæði í Gullna þríhyrningnum. Það var magnað.

Fallegasti staður á Íslandi? Ég elska allt landið, get ekki gert upp á milli.

Besti helgarmaturinn?

Villibráð væri eðal. En helst dýr sem velur matinn sinn sjálf.

Hvaða einstaklings litur þú mest upp til?

Ég hef þá tilhneigingu að líta á okkur öll að jöfnu, en ég á mína meistara, engan einn fremur en annan.



6 ÁRA Í ÁSI



ÁSLAUG OG HALLDÓR



Á GÖNGU Í LOÐMUNDARFIRÐI

„Lesblinda er ekki einfalt viðfangsefni, hún er ekki eins hjá neinum og lesblint fólk þarf að leggja mun meira á sig en aðrir. Aðaleinkenni lesblindra er að sjá í myndum og sá hæfileiki að verða skynvilltur og ringlast við það að rýna í þessi tákn á blaðinu. En á móti byggja lesblindir upp þrautseigju í námi sem aðrir hafa kannski ekki myndað. Lestur er mikilvægur, og grundvallaratriði er að greina lesblinduna snemma hjá börnum og koma til móts við þau.

Það er ekki langt síðan að litid var niður á lesblinda, en nú vitum við að lesblinda er náðargáfa og margt hæfileikafólk, á víðu sviði, í þeirra hópi.“

Á eftir að sjá á eftir starfinu mínu

„Ég hef unnið með stórum hópi frábærra einstaklinga á öllum aldri, allt frá 7 ára og sá elsti var 65 ára og er ég ævinlega mjög þakklát og auðmjúk gagnvart þessu fólki, því það, auk allra nemenda minna um ævina, eru mínir kennarar á móti. Þau hafa kennt mér gríðarlega margt. Ef þau lesa þetta, þakka ég þeim eilíflega fyrir.

Nú nálgast sjötugsafmælið mitt og ég á eftir að sjá á eftir starfinu mínu, enda enn í fullu fjöri og í gríðarlega frjóum og skemmtilegum hópi samstarfsfólks í Helgafellsskóla.

Ég sé sjálfa mig fyrir mér í ýmis konar ævintýrum eftir starfslok eins og kennslu og stuðningi við nemendur og verð sjálf-sagt kennarinn sem auglýsir: „Tek að mér heimakennslu og prófarkalestur,“ er það ekki bara?“ segir Áslaug og hlær.



Sumar NÁMSKEIÐ

FYRIR BÖRN OG UNGLINGA

Bókasafn Mosfellsbæjar - Ritsmiðja fyrir 10-12 ára
Bókasafn Mosfellsbæjar - Sumarlestur
Leikgleði - Námskeið fyrir 6-16 ára hjá Leikfélagi Mosfellssveitar
Myndlistarskóli Mosfellsbæjar - Sumarnámskeið fyrir 6-11 ára
Húsdýragarðurinn á Hraðastöðum
Reiðskóli Hestamenntar
Sumarnámskeið Lágafellskirkju fyrir 6-9 ára krakka
Sundnámskeið Kobba krókóðils og Hönnu hafmeyju
Ævintýranámskeið Mosverja
Minna Mosfell-Minjar Vinnustofa fyrir 9-13 ára
Minna Mosfell-Teiknum dýrin Vinnustofa fyrir 8-12 ára
Rush Iceland Sumarnámskeið

Öflugt sumarstarf verður í ár en fjöldi námskeiða hefur aldrei verið meiri. Eftirfarandi deildir verða með námskeið:

Sumarfjör ÍTÓM Áhersla á útvíst og almennar íþróttir ásamt tómstundum.
Golf- og leikjanámskeið GM
Frjálsíprótta- og sunddeild Aftureldingar sameinast í heilsdagsnámskeið
Knattspyrnuskóli Aftureldingar heldur sitt árlega námskeið
Handboltadeild Aftureldingar fyrir alla krakka í 1.-5. bekk.
Fimleikadeildin býður upp á fjölbreytt námskeið, heilan og/eða hálfan dag
Körfuknattleiksdeild Aftureldingar heldur sitt árlega námskeið
Söngsteypan Söngur og sköpun 2.- 4. bekkur
Söngsteypan Söngur og sköpun 5.- 7. bekkur

Nú er sumarið að nálgast og að vanda er fjölbreytt frístundastarf í boði fyrir börn og unglunga í Mosfellsbæ.

Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á www.mos.is/sumarfristund

Allir þeir sem vilja koma á framfæri upplýsingum um námskeið fyrir börn og unglunga geta sent upplýsingar á netfangið dana@mos.is



MOSFELLSBÆR





SVERRIR
HARALDSSON

Sverrir Haraldsson úr GM sigraði úrslitaviðureignina

ÍSLANDSMEISTARI Í HOLUKEPPNI 2021

Sverrir Haraldsson, úr Golfklúbbi Mosfellsbæjar, varð Íslandsmeistari í holukeppni á Þorláksvelli í Þorlákshöfn 20. júní. Þetta er fyrsti Íslandsmeistaratitill Sverris en hann mætti Lárusi Inga Antonssyni úr GA í úr-

slitaviðureigninni í karlaflokki.

Jafnt var á flestum tölum en Sverrir seig loks fram úr á fimmtánda holu og landaði sínum fyrsta Íslandsmeistaratitli í holukeppni.



AD LOKNU MÓTI
Í NESKAUPSSTAÐ

Blakdeildin kveður veturinn

Blakdeild Aftureldingar átti tvö lið á Íslandsmóti yngri flokka í blaki sem fór fram í Neskaupsstað helgina 28.-30. maí. Liðin stóðu sig afar vel.

Stúlkunar í 3. flokki urðu í 4. sæti og strákararnir í 4. flokki, sem spiluðu í sameiginlegu liði Aftureldingar, Þróttar Rvík og Hugins, höfnuðu í 4. sæti. Mótið markaði lok blakveturans hjá krökkunum.

Veturinn í vetur hefur verið ansi snúinn en blakkrakkararnir hafa verið duglegir að mæta á æfingar og tekið framförum, þó minna hafi verið um mót en í venjulegu ári.

Yngstu flokkarnir luku vetrinum með ferðum í Rush og Skemmtigarðinn í Grafarvogi. Æfingar blakdeildar hefjast aftur í lok ágúst og er frítt fyrir alla að koma og prófa blak.



YNGSTU IÐKENDURNIR Í RUSH



HRESSIR
HERRAR

FRÁBÆRT HERRAKVÖLD AFTURELDINGAR MED
GÓÐUM GESTUM ÚR HLJÓMSVEITINI KALEO

Myndir/RaggiÓla

AFTURELDINGAR
VÖRURNAR
FÁST HJÁ OKKUR



JAKO
SPORT ÍSLANDI

NAMO EHF. - SMÍÐJUVEGI 74 (GUL GATA) - 200 KÓPAVOGI


Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is



AFTURELDING

SUMARNÁMSKEIÐ

SUMARNÁMSKEIÐIN ERU FRÁBÆR LEIÐ TIL AÐ PRÓFA ÍÞRÓTTIR OG KYNNAST Í LEIÐinni ÞJÁLFURUNUM



FIMLEIKAR - 8:00- 16:00



SUND OG FRJÁLSAR
SAMEIGINLEG NÁMSKEIÐ FRÁ 9:00- 16:00



KNATTSPYRNA - 9:00- 12:00



HANDBOLTI - 9:00- 12:00



KÖRFUBOLTI - 9:00- 12:00

Frekari upplýsingar á: [AFTURELDING.IS/AFTURELDING/SUMARNAMSKEIÐ/](https://afturelding.is/afturelding/sumarnamskeid/) Í tölvupósti á: HANNABJORK@AFTURELDING.IS

UMFÍ



UNGLINGALANDSMÓT

Selfossi um verslunarmannahelgina 2021

Allt á
ulm.is





BYGGINGAFÉLAGIÐ
BAKKI



Húm

Ný væðarvoð í landslags þemanu
Fáanleg á Lopidraumur.is



Íbúar, félagasamtök og fyrirtæki í Mosfellsbæ eru hvött til að taka virkan þátt í hátíðarhöldunum.

Í túninu
HEIMA
**VILT ÞÚ
TAKA
ÞÁTT?**



Bæjarhátíð Mosfellsbæjar, Í túninu heima, verður haldin dagana 27.-29. ágúst. Hátíðin er sannkölluð fjölskylduhátíð þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í fjölbreyttri dagskrá.

Ef þið lamið á hugmyndum eða viljið vera með viðburði, þá endilega sendið póst á ituninuheima@mos.is.





SPJALLIÐ MEÐ GÓÐVILD

ÞRIÐJUDAGA
Á VÍSI



SUMARFJÖR ÍTÓM

Námskeiðin eru fyrir nemendur í yngstu fjórum bekkjum grunnskóla og einnig fyrir þau sem eru að hefja skólagöngu á komandi hausti.

Tilvalið námskeið fyrir þau börn sem eru hætt á leikskólanum og eru að hefja nám í 1. bekk.

Öll námskeiðin verða í húsnæði frístundasels Varmárskóla.

*Sjá allar nánari upplýsingar á www.mos.is og hjá Kristni í síma 662-9981 / kristinnitom@mos.is
Þau börn sem að þurfa á stuðningi að halda fá hann en þurfa að senda póst á Kristin - kristinnitom@mos.is með helstu upplýsingum. Við bendum foreldrum á að sækja um tímanlega svo hægt sé að manna stuðninginn eftir þörfum.
Sótt er um námskeið á mosfellsbaer.felog.is*

Ath. takmarkaður fjöldi á hvert námskeið.*

Greiða þarf við skráningu. Skráningu skal lokið á hádegi föstudags áður en námskeiðið hefst. Boðið er upp á morgungæslu frá 8:00-9:00 og síðdegisgæslu frá 16:00-17:00.

**Ef ekki næst lágmarksfjöldi á námskeiðin má búast við að þau falli niður*



MOSFELLSBÆR





VIÐ FÖRUM Í FRÍÐ

Ljósín á ströndu skína skær skipið það færist nær og nær og þessi sjóferð endi fær. Ég búinn er að puða og púla pokann að hifa og dekkinn spúla.

Við erum búin að standa okkur vel í kóvidinu, Íslendingar. Höfum haft þolinmóða, mannlega og öflugra leiðtoga sem hafa stýrt okkur í gegnum þessa sjóferð, ég held við getum öll verið sammála um það. Nú erum við að detta í langþráð frí. Sumarfrí. Maður skynjar mikla tilhlökkun í mörgum, eðlilega. Ég er sjálfur spenntur fyrir því að fara í frí og ætla að njóta þess með mínu fólki. Ég ætla að leggja sérstaka áherslu á að njóta þess smáa og einfalda sem fríð mun bjóða upp á, er ekki með stór markmið sem ég ætla að ná í fríinu. Þetta er samt ekki einfalt, það er svo margt sem maður vill gera, upplifa og framkvæma. Markmið sem maður vill ná. En ég er alltaf að skilja betur að það er ferðalagið sjálft sem skiptir mestu máli, ekki áfangastaðurinn eða lokatakmarkið.

Við vorum með litla frænku í pössum um helgina. Við fórum tvö saman í tímalaus gongutúr meðfram Varmánni, fylgdumst með fíðrildum, bjuggum til lúpínu-blómvönd, skoðuðum Álafoss og prófuðum ýmsa leikvelli sem urðu á vegi okkar. Áfangastaðurinn var Varmárvöllur þar sem lið fólksins, Hvítu riddarinn, átti leik, en við þældum ekkert í honum á leiðinni, heldur nutum við augnabliksins, ferðalagsins sjálfs. Og ferðalagið varð miklu betri upplifun en leikurinn sjálfur. Hann má gleymast fljótt.

Ég ætla að hafa þetta í huga í sumar þegar við förum að ferðast um landið. Að njóta þess að vera á ferðinni, taka eftir hlutum í kringum mig, stoppa ef við sjáum eitthvað sem við viljum skoða betur og spá í. Ekki bara tæta frá A til B ómeðvitaður um allt sem ferðalagið býður upp á. Njótum ferðalagsins!



Guðjón Svansson
gudjon@kettlebells.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Sími: 586 8080

www.fastmos.is

Varmárósar og friðlýsing Leirvogs

Samfylkingin í Mosfellsbæ hefur á stefnuskrá sinni að friðlýsa Leirvoginn vegna mikilvægis svæðisins fyrir fugla og vegna fjölbreyttra vistgerða á svæðinu. Nú þegar friðlýst svæði Varmárósa hefur verið stækkað virðist sem jarðvegur sé að skapast til að við málinu verði hreyft.

Varmárósar eru hluti af stærra svæði, Leirvoginum, sem er mikilvægur í alþjóðlegu samhengi sem áningarstaður margæsa og sendlings. Náttúrufræðistofnun hefur gefið það út að Leirvogurinn og Blikastaðakró séu verðmæt svæði í þessu tilliti og beri að líta á veginn og Varmárósa sem eitt svæði. Friðlýsing Leirvogsins er því eðlilegt og skynsamlegt næsta skref.

Verðmæti og verndargildi þessa svæðis er óumdeilt. Það er annar tveggja vaxtarstaða fágæts sefs, fitjasefs, sem er á valista Náttúrufræðistofnunar, auk þess sem



þannig að vistkerfi plantna og dýra raskist ekki.

Umræður um friðun Leirvogs og Blikastaðakróar í samstarfi við Reykjavíkurborg hafa farið fram í umhverfisnefnd Mosfellsbæjar og sameiginlegur starfshópur skip-

svæðið er mikilvægt vistkerfi fyrir fugla. Friðlýsing Varmárósa felur í sér að rannsóknir og vöktun á lífríki svæðisins verða tryggð með áherslu á plöntuna fitjasef, búsvæði hennar og þær vistgerðir votlendis, strandlendis og fjöruvistgerða sem er að finna á svæðinu. Henni er einnig ætlað að treysta útivistar-, rannsóknar- og fræðslugildi svæðisins. Þess mis- skilnings hefur nefnilega gætt að friðlýsingar þýði bann við umferð manna um friðlýst svæði. Því fer fjarri. Friðlýsingum er beitt til að vernda svæði og náttúrufræðingum til að þeirra megi njóta á ábyrgan og sjálfbæran hátt til framtíðar

aður fulltrúum frá Mosfellsbæ, Reykjavík og Umhverfisstofnun hefur verið myndaður um málið. Auka þær umræður bjartsýni okkar á að hafinn verði undirbúningur að því þarfa verkefni að friðlýsa veginn. Þar mun Samfylkingin leggja sitt lóð á vogar- skálarnar.

Leirvogurinn er vin á höfuðborgarsvæðinu. Hann er umkringdur þéttbýli að stórum hluta og norðan við hann er íðnaðarstarfsemi Sorpu. Mosfellsbær hefur enn á sér yfirbragð sveitar í borg og það yfirbragð er almenn sátt um í bænum. Hingað sækja aðrir íbúar höfuðborgarsvæðisins til að njóta náttúrunnar til fjalls og fjöru. En þau lífsgæði að geta brugðið sér örstuttan spöl til að upplifa ósnerta náttúru er okkar að vernda og verja fyrir komandi kynslóðir.

Eftir Önnu Sigríði Guðnadóttur bæjarfulltrúa og Þórunni Sveinbjarnardóttur fv. umhverfisráðherra sem leiðir lista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi fyrir alþingiskosningarnar í haust.

Ritskoðun í Ruslandi

Enn er talsvert fjór í bæjarstjórn Mosfellsbæjar og nýsköpun bæst við annars talsverða listsköpun forseta bæjarstjórnar í gegnum árin.

Í upphafi ársins 2021, nánar tiltekið 27. janúar, var tekið fyrir á bæjarstjórnarfundum nr. 775 mál er sneri að brunanum í SORPU 8.

Janúar þegar landsins stærsta gúanó, þ.e. hann Gýmir blessaður, kviknaði bókstaflega til lífsins. Um atburðarrásina segir í gögnunum frá SORPU: „Aðfaranótt föstudagsins 8. janúar 2021 kom upp eldur í aflögðum mótökustað lífræns- og lyktarsterks úrgangs, Gými. Orsök brunans er sjálfstíkveikja þar sem eldur kviknaði í (lífrænum úrgangi), greinum, timbur- og dekkjakurli sem notað var sem yfirlag, ásamt því að komast í „lausarusl“ sem losað er í nágreinninu, og varð af mikið eldhaf.“

Byggðasamlagið SORPA, sem hefur gengið í gegnum fjárhagslegar hremmingar, hvorki náð að framleiða nothæfa moltnu né koma Gas- og jarðgerðarstöðinni (GAJA) nægjanlega vel í gagnið leitaði þá á náðir annars byggðasamlags á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Það var gert til að berja Gými til hlýðni enda ekki vitað hvað hann vildi upp á dekk. Það



tókst með tilsvarendi umhverfis- spjöllum í formi mengunar sem stafaði af litríkum strókum er stóðu upp úr Gými rétt áður en í honum var slökkt.

Þessi áformaða „yfirtaka“ Gýmis á SORPU er líklega ein sú heiðarlegasta sem gerð hefur verið frá sveitarstjórnakosningunum árið 2018. Frá þeim tíma hefur forstjóra SORPU verið vikið úr starfi til að auðveldara yrði að draga fjöður yfir skelfileg mistök stjórnar SORPU, skilnings- og aðgerðarleysi svo árum skiptir.

Sökum þessa lagði greinarhöfundur fram eftirfarandi bókun á framangreindum fundi bæjarstjórnar Mosfellsbæjar: „Enn og aftur áréttar bæjarfulltrúi Miðflokksins að stjórn SORPU á að segja af sér. Sífelldu eru að skapast vandræði í kringum þetta mikilvæga byggðasamlag. Hefur stjórn þessa samlags ekki sætt ábyrgð varðandi sóun, mengun og úrræðaleyfi á mörgum sviðum í rekstri. E

innig virðist fulltrúi Mosfellsbæjar fara með fleipur um ákveðin mikilvæg mál er SORPU varðar er m.a. tengjast gjaldskrá og rekstur almennt. Fundagerðir eru illa unnar, ekki upplýsandi og vart hægt að sjá mun á fundargerð og dagskrá fundu. Við framangreint hefur nú bæst við stórbruni,

sem er mjög alvarlegt atvik og hefur örugglega ekki bætt loftgæði í Mosfellsbæ og þar með á höfuðborgarsvæðinu.“

Við tók eitt af lengri fundarhléum sem meirihlutinn í Mosfellsbæ hefur tekið. Kemur það greinarhöfundur spáskt fyrir sjónir í ljósi þess að á meðal þeirra er fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs, þ.e. forseti bæjarstjórnar, sem segir sig vera skáld. Það kom loksins á daginn að „hæfileikarnir“ komu að gagni.

Lausn forseta bæjarstjórnar var þessi og færð til bókar undir þeim dagskrárlið er fjallaði um sorpbrunann við bæjardyr Mosfellinga: „Bæjarfulltrúi M-lista óskaði eftir að leggja fram tvær bókanir. Fundarstjóri bauð bæjarfulltrúa að stytta eða breyta bókunum sem var hafnað af hálfu bæjarfulltrúa M-lista. Fundarstjóri hafnaði bókunum.“

Hið rétta er reyndar að fulltrúi Miðflokksins lagði fram eina bókun og aðra til að leita sátta en báðum var hafnað. Efnislega voru þær eins. En það er þessi nýsköpun sem heillar, þ.e. hin frumstæða ritskoðun reiðinnar.

Gleðilegt sumar.

Sveinn Óskar Sigurðsson, bæjarfulltrúi Miðflokksins í Mosfellsbæ.

Vinnuskólinn X GULLSKÓFLAN

Vinnuskólinn er kominn á fullt & erum við mjög spennt fyrir sumrinu með þessum frábæru unglungum okkar!

GULLSKÓFLAN 2021

Verkæri vinnuskólans til að gera starf okkar sýnilegt & til að hvetja unglungana til þess að gera vel í starfi.

Gullskóflan er síðan afhend í lok sumars fyrir vel unnin störf hjá hópum vinnuskólans

Vinnuskóli Mos

Stöðuuppfærslur
in your face

Siggi Sveins
Fótbolti er einfaldur leikur. 22 leikmenn elta bolta í ca. 90 mínútur og svo vinna þjóðverjar.

19. júní

Dagbjört Vatnsdal Brynjarsdóttir

Hrikalega er ég stolt af þessu félagi mínu! Allt frá Heiðursvörð við Mosfellskirkju, hoppukastalar í Fellinu, bátar og stultur á Stekkjafliöt, brauðgrill og slack-line í Álafosskvov og svo ofursjoppa við skátaheimilið... Allir stóðu vaktina með bros á vör og stolt af því að vera skátar! Gleðilega þjóðhátíð allir!

17. júní

Leifur Guðjónsson
spurning er maður ekki orðin áhrifavaldur þegar að manni er boðið í VIP party opnun matvörubúðar !!!!!!!

3. júní

Halldora Björnsdóttir
Í dag á sumar-sólstöðum eru nákvæmlega 2 mánuðir þar til Reykjavíkurmaraþonið fer fram. Æfingar ganga vel. Ég hvet ykkur ættingjar, vinir og vinir þeirra að leggja góðu málefni lið og gefa börnunum sem eru í umsjón SPES barnahjálpar von. Markmiðið er að safna sem nemur kostnaði eins barns á ári. Í ár eru tuttugu ár frá stofnun SPES og hafa mörg börn átt þar sitt athvarf, heimili og von, bæði borgunum Lomé og Kpalimé í Togo.

21. júní

Þórunn Ósk Þórarinsdóttir
Ég og vinkona mín skráðum okkur í nokkur hlaup í janúar og nú er komið að næsta hlaupi. Ég spyr hana hvort ég eigi að sækja gögnin hennar og hún segist ekki hafa skráð sig... Ég verð nú frekar hissa og segi jæja ég þarf eitthvað að endurskoða vinskápin... Það er þögn og svo? Ég sagði vinskápin ekki vinskápin

18. júní

facebook

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

BílaGlerið

Framrúður & ísetningar
Sími 587-6510

Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla

Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is



Öll almenn smíði

Fagleg og vönduð vinnubrögð.
Erum byrjaðir að bóka sólpalla fyrir sumarið.
Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu!
7799760 Sumarliði / Gísli 7799761

Öll almenn vörubíla- og kranapjónusta

- Grabbi, grjótkló og fl.
- Útvega öll jarðefni.
- Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.
- Slátupjónusta og fl.



BJ VERK ehf.
Björn s: 892-3042



FAGVERK

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
SÍÐAN 1996



Sverrir Einarsson

ALÚÐ • VIRÐING
TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.



Frí Tjónaskoðun

GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI

Auðbrekku 27. Kópavogi 554 2510
www.bilasprautun.is

SIÓVA



FÓTAADGERÐASTOFA
MOSFELLSBÆJAR

Þverholti 3 - Sími: 566-6612



~ Fagmenn í yfir 40 ár ~



Flugumýri 2 - Sími 566-6216



Þú finnur öll blöðin á netinu
WWW.MOSFELLINGUR.IS



GARDMENN

...gerum garðinn frægan!

Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.

Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.

Sími 893 5788




S: 660 0770 - www.aftak.is

GÓÐIR MENN EHF

Rafverktakar
GSM: 820-5900

- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á rafögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir



Löggiltur rafverktaki

VGH Mosfellsbæ

VERKTAKI SÍÐAN 1968

ÞAÐ SEM TIL ÞARF

896-9443 896-2279

HEYST HEFUR...

...að verið sé að undirbúa það að koma fyrir listaverki með Mosó merkinu á Kjarnatorgi, hringtorginu við Kjarna.

...að Halla Karen skipi 8. sæti á lista Framsóknar í Suðvesturkjördæmi.

...að búið sé að rífa niður risastóru gulu skilti Apótekarans á turninum í Sunnukrika, enda væntanlega farið fyrir brjóstið á einhverjum.

...að Felix Valsson læknir, Mosfellsbæ, hafi fengið fálkaorðu á 17. júní.

...að 54 milljóna króna Lottómiði hafi verið seldur á N1 í Mosfellsbæ í byrjun júní.

...að aðeins hafi munað 13 atkvæðum að Bryndís Haralds hefði náð 2. sæti Sjálfstæðisflokksins í Kraganum.

...að okkar mosfellska GDRN sé að slá í gegn í nýjum sjónvarpsþáttum, Kötlu, á Netflíx.

...að Sverrir Haraldsson hafi orðið Íslandsmeistari í holukeppni í golfi um helgina.

...að mosfellska hljómsveitin RedLine hafi haldið rafmagnaða tónleika í hlöðunni í Laxnesi um helgina.

...að handknattleiksmaðurinn Elvar Ásgeirsson sé kominn upp í efstu deild í Frakklandi með Nancy.

...að Ingó Veðurguð sé orðinn nýjasti tengdasonur Mosfellsbæjar en þau Alexandra Eir opinberuðu ástina um helgina.

...að Ásdís og Úlli séu að fara flytja í Mosó eftir fimm ár í Noregi.

...að Halla og Berta séu að byrja með útileikfimi fyrir konur í næstu viku.

...að keppandi í Stálkonunni á Hlégarðstúninu hafi gefið litlu barni sínu brjóst á milli keppnisgreina.

...að Arnór Snær hafi verið ráðin sem fitness þjálfari akademíu Noregsmeistaranna Bodö/Glím

...að Agnes Geirs og Halli Örn hafi eignast stúlku á dögnum.

...að Helga Jónsdóttir sé að hætta á Bókasafninu eftir rúm 38 ára starf.

...að knattspyrnumaðurinn Róbert Orrí sé á leið til Kanada og Afturelding fái því nokkrar kúlur í sinn hlut sem uppeldisfélag.

...að árituð KALEO-treyja hafi selst á 750 þúsund á uppboði á Herrakvöldi Aftureldingar.

...að Hugrún Ósk eigi afmæli í dag.

...að KALEO treyjur Aftureldingar verði til sölu á afturelding.is.

...að búið sé að taka í notkun nýtt hundagerði í Ævintýragarðinum, næst Vesturlandsvegi.

...að tónlistargöðsögnin KK ætli að halda tónleika á Barion sunnudagskvöldið 25. júlí.

...að Guðni forseti hafi verið meðal þátttakenda í Álafosshlaupinu á 100 ára afmæli þess.

...að Mosfellingur sé farinn í sumarfrí fram að bæjarhátíðinni í lok ágúst.

mosfellingur@mosfellingur.is

Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



Emilía Metta Kristófersdóttir fæddist á Akranesi 21. janúar 2021. Foreldrar hennar eru Kristófer Fannar Guðmundsson og Heiðrún Kristín Axelsdóttir. Stóra systir Emilíu er Dalrós Maren Kristófersdóttir, fædd 2017.

MOSFELLINGUR
HÁTÍÐARBLAÐ
MOSFELLINGS
KEMUR ÚT
24. ÁGÚST
mosfellingur@mosfellingur.is



Dagbjört Sara kom í heiminn á Akranesi 26. maí 2021. Foreldrar hennar eru Fríða Arnalds og Sindri Guðmundsson. Hún á stóra systur sem heitir Steinunn Harpa og búa þau í Skeljatanga.



Darri Berg Stefánsson fæddist 7. maí 2021. Foreldrar hans eru Guðfinna Birta Valgeirsdóttir og Stefán Pálsson en fyrir eiga þau Yri Stefánsdóttur sem varð 5 ára þann 3. júní.

Í eldhúsinu

HJÁ HRÖNN OG DAVIÐ

Tómat mozzarella

Hrönn Helgadóttir organisti og kórstjóri og Davíð Ólafsson söngvari og fasteignasali eru matgæðingar vikunnar. Þegar við höldum fjölmennar veislur leggjum við mikið upp úr að hafa góða og einfalda forrétti. Hér eru tveir einfaldir forréttir sem við höfum oft saman og slá alltaf í gegn.

Tómat mozzarella

- Tómat sneiðar
- Buffalo mozzarella
- Ólífúolía
- Salt
- Basilíka
- Tómat mozzarella

Tómatarnir eru skornir í sneiðar og raðað á disk. Ofan á hvern tómat er sett sneið af buffalo mozzarella. Yfir þetta er hellt ólífúolíu og síðan er saltað létt yfir. Að lokum er sett eitt basilíku laufblað ofan á hverja sneið. Það er hægt að leika sér með þetta frekar t.d. að blanda balsamik edik í ólífúolíuna. Krakkarnir okkar slást um hvern bita af þessum forrétti.

Nautakjöt og klettasalát.

- Íslensk nautalund
- Íslenskt klettasalát



- Parmasan ostur
- Ólífúolía
- Balsamik edik.

Lundin er hægduð og fær að hvíla vel. Ég vil hafa hana vel eldaða því það hæfir fleirum. Klettasalatið er skolað og sett á disk. Nautalundin er skorin í þunnar sneiðar og sett á mitt salatbeðið. Síðan er parmasanosturinn skorinn í þunnar sneiðar og settur yfir allt salatið og lundina. Með þessu er svo blandað í skál ólífúolíu og balsamik edik hrært saman.

Að sjálfsögðu höfum við heit bagettubrauð með þessu.

Verði ykkur að góðu!

Hrönn Helgadóttir og Davíð Ólafs skora á Evu Þorgeirs og Stjúru Sigurðs að deila næstu uppskrift

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA Í SUMAR?

Jæja, þá er sumarið komið og hausinn fer á flug um hvað maður á að gera í sumar. Hvert á ég að ferðast? Hvað á ég að gera? Með hverjum á ég að fara? Margir nýttu sér sumarið 2020 til þess að ferðast um Ísland og uppgötva staði sem þeir vissu ekki að væru til eða fréttu af því erlendir ferðamenn póstuðu því á samfélagsmiðlum. Í raun upplifuðu Íslendingar líklega landið á ólíkan hátt en áður fyrir vikið. Einstakir staðir voru vinsælli en aðrir en stór hluti ferðafólks fann þörf fyrir því að fara og skoða þá staði. Þeir sem ekki náðu að skoða þá fara ábyggilega þangað þetta sumar. Það verður spennandi að sjá hvaða staðir verða efst á lista í ár. En sumarið 2020 voru eftirtaldir staðir mest Google-aðir af Íslendingum og það kemur okkur líklega ekkert á óvart. Ef við skoðum topp tíu staðina sem leitað var eftir af Íslendingum (líklega 80-90% Íslendingar), þá voru þetta helstu staðirnir. Þess má geta að þrjú efstu sætin fengu gríðarlega leit í júlí 2020. Sætin ráðast í röð frá fyrsta til ellefta sæti og tölurnar eru fjöldi leita.

Bláa Lónið 47.100, Stuðlagil 39.200, Akureyri 33.000, Landmannalaugar 23.500, Ásbyrgi 21.800, Snæfellsnes 20.000, Dettifoss 19.900, Egilsstaðir 18.000, Askja 17.300, Geysir 16.300 og svo kemur Mosfellsbær mun lengra fyrir neðan eða með 11.600 leitir.

En það er alltaf keppnin um það að ná sem besta staðinu á tjaldsvæðinu sem er spennandi. Að þurfa að vera nógu snemma á ferðinni til þess að ná besta staðinu og koma sér af stað til þess að ná að skoða sem mest. Frá minni reynslu síðan í fyrra þá var mjög þægilegt að taka nokkrar nætur á einu tjaldsvæði og vera búin að kortleggja alveg svæðið þar í kring og hvað er best að taka saman á einum degi og hversu langt er í staðina og hversu löng stopp eru á hverjum stað. Það er ótrúlega gaman að vera búin að kortleggja út á Google Maps þá staði og merkja svo við þegar þú ert búin að upplifa þá. Svo í lok sumars getur þú rennt yfir Google Maps og séð hvað þú varst dugleg/ur að ferðast um landið. P.s. Ekki gleyma að setja allt í highlights á Instagram.

En hey, þurfum við ekki að fá Mosfellsbær til að verða ofar í forgangslista Íslendinga til að sækja bæinn okkar heim? Let's step up our game Mosfellsbær!



EMBLA LIF

Mosfellsbakari.is
Háholt 13-15
Háaleitisbraut 58-60

MOSFELLSBAKARI

SMÁ AUGLÝSINGAR

Stríðsmunir

Óska eftir munum frá stríðsárunum tengdum Mosfellsveit www.fbi.is sími 822-5344. Tryggvi.



Nudd

Bjóðum upp á svæðanudd - fótanudd á sanngjörnu verði. Léttir fyrir allan líkamann og til að slaka á, veljið ilm kjarnaolíu fyrir proseager. Pantíð tíma í síma: 822-7750 (Lenka)

Smáauglýsingarnar eru frjár fyrir einstaklinga

mosfellingur@mosfellingur.is

**PÚ GETUR
AUGLÝST
FRÍTT**

(...allt að 50 orð)

**Sendu okkur þína
smáauglýsingu í
gegnum tölvupóst:**

mosfellingur@mosfellingur.is

WWW.MOSFELLINGUR.IS
WWW.MOSFELLINGUR.IS
WWW.MOSFELLINGUR.IS



**NÆSTI
MOSFELLINGUR
KEMUR ÚT**

24. ÁGÚST

Bláðinu er dreift frítt
í öll hús í Mosfellsbæ.

Skilafrestur efnis/auðlýsinga er til hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.

mosfellingur@mosfellingur.is

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

MG Lögmenn ehf.

Öll almenn lögfræðipjónusta

Innheimtur

Sala fasteigna

Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is



Bilapartar ehf

Notaðir **TOYOTA** varahlutir

Sími: 587 7659

Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ
www.bilapartar.is



ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ



B. Markan ehf.
Pípulagnir

☎ **660 6690**

www.bmarkan.is



MALBIKSTÖÐIN

Tek að mér
alla krana- og
krabbavinnu

Útvega allt
jarðefni

VÖRUBÍLL P.B.

Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142



FJLS

HJÁLMAR GUÐMUNDSSON
LÖGGILDUR HÚSASMÍÐAMEISTARI
S: 6959922
FHSVERK@GMAIL.COM



Sjúkrabjálfun & Sjúkranudd
**HEILSUEFLING
MOSFELLSBÆJAR**

Urðarholt 4 Mosfellsbæ

Sími 578 5080



www.bilhusid.is

Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurpjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

GLERTÆKNI ehf

Völuteigi 21

- gler í alla glugga -

S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS

OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA

Lágafellslaug

Virkir dagar: 06:30 - 21:30

Helgar: 08:00 - 19:00

Varmárlaug

Virkir dagar: 06:30-21:00

Laugard. kl. 08:00-17:00 og sunnud. kl. 08:00-16:00



SPURNING TIL BÆJARBÚA

Hvað er það besta við Vinnuskólann?



ÁSDÍS: Flokkstjórnarnir, Andrea, Emma og Gíslí.



ARNAR DAGUR: Að fara í nesti.



HAFDÍS UNA: Nestið



STEINAR FREYR: Að vera með vinunum.



GUÐNI: Að sópa.



VIKTOR: Að moka mold.

Fylgdu okkur á Instagram...



HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is




RedLine eftir tónleika í hlöðunni



Dalbúarnir í Fellinu



Handboltaútskrift



Útskriftargleði



Gamla góðingur við



Kiwi-risetarnir



Tvítugs-Hallan



ÁRGANGAMÓT AFTURELDINGAR

'97 STRÁKARNIR BÁRU SIGUR ÚR BÝTUM

TVÍFARAR



Guðni í Artpro



Matt Lucas

SPREY HÁRSTOFA er staðsett í hjarta Mosfellsbæjar.



Sprey hefur verið starfandi síðan 2009 og eru alls 10 fagmenn starfandi á stofunni.

Pú getir bókað tíma í gegnum noona appið eða noona.is/sprey
Einnig er hægt að bjalla í síma 5176677



Sími 5176677
og á noona.is/sprey

OPIÐ ALLA SUNNU DAGA Í SUMAR

GRENSÁSVEGI 48
SUNNUKRIKA 3



KJÖTBÚÐIN
www.kjotbudin.is

OPIÐ

MÁNUDAGA	11:30-18:00
ÞRI. - FIM.	11:30-18:30
FÖSTUDAGA	10:00-18:30
LAUGARDAGA	11:00-17:00
SUNNUDAGA	13:00-18:00



ÓSKA EFTIR EIGNUM

Vegna mikillar eftirspurnar eftir eignum í Mosfellsbæ óska ég eftir eignum á söluskrá



Ég aðstoða kaupendur í fasteignaviðskiptum þegar drauma eignin er fundin. Mæti að kostnaðarlausu með viðskiptavini að skoða eignina og veiti aðstoð í öllu ferlinu.

Hlakka til að heyra frá þér og ræða næstu skref.

Kristinn Sigurbjörnsson Löggiltur fasteignasali - Byggingafræðingur
Beinn sími: 560-5502 Netfang: kristinn@allt.is

Nýleg meðmæli:

Mæli eindregið með Kidda. Hann seldi fyrir mig. Mjög traustur og áreiðanlegur, fylginn sér og fullur af fróðleik með reynslu og þekkir mjög vel til byggingar og reglugerðar, var mér til halds og traust frá byrjun til enda frábær þjónusta. Fær 110 prósent meðmæli frá mér.

Kiddi fasteignasali starfar af áhuga á faginu og heillindum við sína viðskiptavini. Virkilega góð þjónusta og fagmannleg vinnubrögð.

ALLT
FASTEIGNASALA

www.allt.is Sími 560 5500



SÖGUFRÆGT HLAUP

Álafosshlaupið fór fram 12. júní, venju samkvæmt, en í ár eru 100 ár liðin frá fyrsta hlaupinu. Hlaupið var frá Varmárvelli og voru margir góðir gestir sem sprettu úr spori í tilefni afmælisins. Frjálsspröttadeild Aftureldingar stendur fyrir hlaupinu sem að mestu fer fram á malarstígum um holt og hæðir í Mosfellsbæ.

Sæktu
Landsbanka-
appið



App Store Google Play

Múlalundur
Glæsileg
ritfangaverslun
í Mosfellsbæ
- kíktu við, þá vinna allir!



MÚLALUNDUR
vinnustofa SÍBS
við Reykjalund, Mosfellsbæ
www.mulalundur.is

MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM



Pétur Pétursson
löggiltur
fasteignasali
897-0047



Davíð Ólafsson
löggiltur
fasteignasali
896-4732

Þjónusta við
Mosfellinga í 30 ár

Háholt 14, 2. hæð
588 55 30



Litlikriki



Glæsilegt 437 fm einbýli með þremur aukaíbúðum á neðri hæð. Vel byggt hús á vinsælum stað. Fallegt útsýni til Esjunnar. Vandaðar innréttingar. Hiti í gólfum. Eikarparket og flísar á gólfum. Íbúðirnar á neðri hæð eru allar með sérinnngangi. Húsið er byggt af eiganda þess.

Sumarhús við Krókatjörn



Afar vel staðsett 45 fm sumarhús við Krókatjörn í nágrenni Hafravatns. Stór eignarlóð, tæpir tveir hektarar. Húsið stendur alveg niður við vatnið við fallega vík. Skógarlundur umhverfis. Kalt vatn úr borholu.

Kvíslartunga



Lóð við Kvíslartungu fyrir einbýlishús. Lóðin er 860 fm. og búið er að steypa grunn með veggjum að hluta fyrir neðri hæð fyrir einbýlishúsi sem er 382 fm. Lóðin snýr í suður og er á afar skjólsælum stað. Teikningar fylgja.

Sunnukriki



Til leigu mjög gott 180 fm. rými á jarðhæð í nýbyggðu húsi við Sunnukrika. Flott staðsetning og næg bílastæði.